

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði
bt. Rósu Guðbjartsdóttur
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður
hafnarfjordur@hafnarfjordur.is

Hafnarfjörður 15. maí 2023.

Með vísan til upphaflegs lóðarleigusamnings bæjarstjórnar Hafnarfjarðar og Björns Ólafssonar, kt. 260839-3229, dags. 2. nóvember 1990, um lóðina við Hvaleyrarbraut nr. 2 í Hafnarfirði auk ákvörðunar fundar núverandi leigutaka lóðarinnar, sbr. fundargerð dags. 28. mars sl., fer undirritaður þess á leit við Hafnarfjarðarbæ að tilvitnaður lóðarleigusamningur verði endurnýjaður í samræmi við almennar reglur bæjarins um gerð lóðarleigusamninga vegna atvinnustarfsemi, sbr. t.d. meginreglu 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 um jafnræði aðila við úrlausn stjórnvalda í lagalegu tilliti, ofl.


Umræddur lóðarleigusamningur hefur að fullu verið efndur samkvæmt efni sínu af hálfu rétthafa á gildistíma hans, og lengur, í samræmi við kröfur sveitarfélagsins, þ.m.t. greiðslu á öllum sköttum og gjöldum sem lagðir hafa verið á hina leigðu lóð, allt til dagsins í dag, o.s.frv.

Upphaflega var lóðarleigusamningurinn gerður til 25 ára í samræmi við þágildandi reglur Hafnarfjarðarbæjar um tímalengd lóðarleigusamninga vegna atvinnustarfsemi. Þrátt fyrir að samningstíminn hafi verið útrunninn hefur samningurinn verið áfram framkvæmdur samkvæmt efni sínu venju samkvæmt. Með vísan til framangreinds er þess því farið á leit við Hafnarfjarðarbæ, sbr. hér að framan, að lóðarleigusamningur um lóðina við Hvaleyrarbraut nr. 2, Hafnarfirði, verði endurnýjaður í samræmi við gildandi reglur bæjarins um lóðir undir atvinnustarfsemi.

Lóðin er samtals 3599,9 fermetrar að flatarmáli samkvæmt upphaflegum lóðarleigusamningi.

Ef frekari upplýsinga er þörf þá vinsamlegast hafið samband við undirritaðan.

Virðingarfyllst,



f.h. allra rétthafa að lóðinni
Grímur Gíslason frkvstj. Atlas hf.

Meðfylgjandi:
Fundargerð húsfundar rétthafa lóðarinnar dags. 28. mars 2023